

Ályktanir aðalfundar Skógræktarfélags Íslands 2017

Ályktun 1:

Framlag til aðalfundar

Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands, haldinn í Stórutjarnaskóla 25. – 27. ágúst 2017, samþykkir að aukið sé framlag til þess félags sem heldur aðalfund Skógræktarfélags Íslands hverju sinni.

Greinargerð:

Undirbúningur fyrir aðalfund er kostnaðarsamur og félög hafa fæst burði til að standa undir þeim kostnaði sem því fylgir þótt Skógræktarfélag Íslands greiði kostnað við rútuferðir.

Ályktun 2:

Upplýsingamiðlun til formanna skógræktarféлага

Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands, haldinn í Stórutjarnaskóla 25. – 27. ágúst 2017, beinir því til stjórnar Skógræktarfélags Íslands, að bæta upplýsingagjöf til formanna aðildarfélaganna.

Greinargerð:

Stjórnir skógræktarfélaganna þurfa að vera upplýstar á hverjum tíma um störf aðalstjórnar, þess vegna og því væri æskilegt að formenn félaganna hefðu aðgang að fundargerðum aðalstjórnar.

Ályktun 3:

Landgræðsluskógar

Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands, haldinn í Stórutjarnaskóla 25. – 27. ágúst 2017, hvetur umhverfis- og auðlindaráðherra til þess að gera 10 ára samning um framhald Landgræðsluskógarverkefnisins á haustdögum en samningurinn rennur út á næsta ári.

Greinargerð:

Mikilvægt er að samningur um Landgræðsluskóga verði endurnýjaður sem allra fyrst en verkefnið hefur um áratugaskeið verið aðalverkefni skógræktarféлага.

Rétt er að vekja athygli á því að sl. vetur ályktaði fulltrúafundur Skógræktarfélags Íslands, sem var haldinn í Reykjavík, um verkefni Landgræðsluskóga. Í samantekt fundarins kom eftirfarandi fram: Æskilegt er að gera samning við stjórnvöld um Landgræðsluskóga til langs tíma, t.d. 10 ára. Markmið endurnýjaðs samnings verði að auka gróðursetningu úr 0,6 í 1,2 milljónir plantna á ári. Takmarkið er að þessu verði náð á fimm árum.

Birki verði áfram aðaltegund í verkefninu og áhersla lögð á fjölbreytt tegundaval eins og verið hefur, það er 6-10 tegundir. Fjölbreytt tegundablanda lauf- og barrtrjáa í Landgræðsluskógi kemur í veg fyrir stór skakkaföll vegna hverskonar óværu. Tegundavalið

skapar fjölbreyttara vistkerfi sem er betur í stakk búið til að takast á við framtíðar veðurfars- og loftslagsbreytingar.

Samkvæmt nýjustu samantekt Íslenskrar skógarúttektar á Mógilsá þá þekja skógar skógræktarfélaganna sem eru yngri en 30 ára um 10 þúsund hektara. Varfærið mat á kolefnisbindingu þessara skóga er um 60 þúsund tonn af CO₂ á ári. Ef miðað er við flatarmál alls skóglendis skógræktarféлага og meðalbindingu ræktaðra skóga á landsvísu er bindingin um 100 þúsund tonn af CO₂ á ári.

4. ályktun:

Efling bændaskógræktar

Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands, haldinn í Stórutjarnaskóla 25. – 27. ágúst 2017, leggur til að bændaskógrækt verði eflid og aukin til muna. Mikill áhugi er meðal bænda á að stunda skógrækt á jörðum sínum og samfélagslegur ávinningur af skógræktarstarfi þeirra er margþættur. Skógrækt getur stutt við og að einhverju leyti komið í stað búgreina sem eiga undir högg að sækja. Skógar bæta búsetuskilyrði til muna, auka verðmæti jarða og munu þegar fram í sækir verða mikilvæg náttúruauðlind.

5. ályktun:

Aðgerðaáætlun íslenskra stjórnvalda í loftslagsmálum

Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands, haldinn í Stórutjarnaskóla 25. – 27. ágúst 2017, áréttar mikilvægi þess að stjórnvöld nýti skógrækt markvisst sem aðgerð í loftslagsmálum. Felur fundurinn stjórn félagsins að senda upplýsingar þessa efnis á vefinn CO₂.is þar sem stjórnvöld safna tillögum frá almenningi um vænlegar aðgerðir í loftslagsmálum.

Greinargerð:

Í skýrslu Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands (Skýrsla nr. C17:01, „Ísland og loftslagsmál“, feb. 2017). Þar kemur skýrt fram að auk aðgerða til að draga úr losun mætti binda verulegt magn koltvísýrings með skógrækt á hagkvæman hátt. Skógrækt er ein þeirra aðgerða sem mælt er með að Íslendingar grípi til svo landið geti staðið við skuldbindingar sínar í Parísarsamkomulaginu. Samkvæmt niðurstöðum FAO, Matvæla og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna, gegna skógar á heimsvísu lykilhlutverki í loftslagsmálum¹:

- *Varanleg skógareyðing er talin valda einum sjötta losunar CO₂.*
- *Skógar geta verið viðkvæmir fyrir loftslagsbreytingum.*
- *Skógar sem eru nýttir með sjálfbærum hætti gefa afurðir sem geta leyst jarðefnaeldsneyti af hólmi. Hið sama á við um margskonar hráefni, s.s. byggingavörur og hráefni til iðnframleiðslu, þar sem skógarafurðir hafa minna sótspor.*
- *Skógar eru taldir geta bundið varanlega um 10% af fyrri losun sem áætlað er að muni eiga sér stað af mannavöldum á fyrri hluta þessarar aldar.*

¹ <http://treesource.org/news/climate/climate-change-forests/#more-1219>

- Meðalbinding íslenskra skóga er nú um 7,5 tonn af CO₂ á hektara og binda skógar sem ræktaðir eru eftir 1990 nú 334.000 tonn CO₂.²
Meðallosun á hvern Íslending nemur nú um 15 tonnum af CO₂ á ári. Til þess að kolefnisjafna alla Íslendinga með skógrækt einni þyrfti því að rækta skóg á 2 hekturum á hvern landsmann, eða 340.000 x 2 = 680.000 hektara af ræktuðum skógi. Flatarmál ræktaðra skóga á Íslandi er nú um 40.000 hektarar.

6. ályktun:

Átak í fræsöfnun af birki haustið 2017

Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands, haldinn í Stórutjarnaskóla 25. – 27. ágúst 2017, hvetur skógræktarfélög um land allt til að halda fræsöfnunardag í birkiskógum á degi íslenskrar náttúru þann 16. september. Mikið fræ er á birki víða um land og tækifæri til að safna miklu magni eftir þetta hlýja sumar. Fræinu mætti dreifa á skógræktarsvæði eða senda til Hekluskógaverkefnisins eða sambærilegra verkefna í öðrum landshlutum sem gætu séð um að dreifa fræinu á hentug lönd.

Greinargerð:

Frá fyrstu dögum skógræktar á Íslandi hefur birkifræi verið sáð til skóga og víða má finna myndarlega lundi sem sprotnir eru upp af slíkum sáningum og hafa margfaldað stærð sína með náttúrulegri sáningu. Segja má að slíkir reitir séu ein gleggstu dæmin um vel heppnuð náttúruverndarverkefni hér á landi. Áhersla ætti að vera á að nýta fræið til sáninga á svæðum þar sem birki er ekki að sá sér sjálft út og má þar nefna stór uppgræðslusvæði s.s. Hekluskógasvæðið, Hólasand og Hafnarsand. Einnig eru sum lönd skógræktarfélaganna enn hálfgróin og myndi sáning á birki nýtast vel á slíkum svæðum. Mikilvægt er að meðhöndla fræið rétt eftir söfnun, þ.e. þurrka fræið eftir söfnun og geyma á köldum stað svo það mygli ekki, en hagstæðast er að sá því beint í haust. Til að tryggja góðan árangur er gott að blanda fræinu saman við skógarmold til að fá með svepprótasmit, en einnig má blanda því með lífrænum áburði s.s. hrossaskít, kjötmjöli eða fiskimjöli. Hekluskógar hafa sáð birki á síðustu árum á tugum ha lands og má í dag sjá myndarlegar birkiplöntur á svæðinu sem sprottið hafa upp af slíkum sáningum. Hefur birkifræi blandað skógarmold verið dreift með stórvirkum tækjum í bland við kjötmjöl á rýru landi og mun það vera gert í haust. Því taka Hekluskógar við birkifræi af sunnan- og vestanverðu landinu nú í haust. Fleiri aðilar munu safna birkifræi í haust og verða skólar hvattir til að láta nemendur safna birkifræi og senda Hekluskógum. Endurvinnslan ehf. hefur tekið við birkifræi á móttökustöðvum í Reykjavík og mun gera það áfram.